

öðrum, og jafnframt félagslega og verklega samvinnu, grípa þær inn í starfsvið fraintíðarinnar. Fylgjendur andatrúarinnar og kristnu viśindanna og sáll ekningamenn af öllum tegundum draga all marga frá hinum eldri kyrkjum og kasta skugga á viðteknar kenningar og trúarjátningar. Samt sem áður heldur meiri hluti fólks fast við kyrkjurnar og mun að líkendum gera það, meðfram vegna þess að bönd tilfinninga hafa hnýtt þá við þer á þýðingarmestu stundu n lífs þeirra, og meðfram vegna þess að ástand þeirra leyfir þeim ennþá að taka trúanlegar þær skoðanir, sem þeir hafa erft og sem hafa verið kendar þeim á unga aldri. Hin nýja trú mun þess vegna, taka hægum framförum hvað stofnanir snertir. Hún mun samt sem áður stöðugt breyta trúarjátningum og síðum alla þeirra kyrkna, sem til eru, og hún mun breyta táknum þeirra og síðferðiskenningum. Þar sem aðalkenning hennar verður kenning um hina hæstu einingu efnis, kraftar og anda, og æðsta boð hennar verður: vertu nytSAMUR og hjálpsAMUR, mun hún hafa mikil sameiningar áhrif á mennina.

Kristin eining hefir æfinlega verið þráð af einlægum trúmönnum, en það hefir verið reynt að ná henni á ómögulegan hátt. Stjórnandi kyrkjur hafa reynt að þróngva öllum innan vébanda sinna til að hafa sömu skoðanir og fylgjast með í sömu síðum, en þær hafa aðeins náð takmarki sínu með tíma og á takmörkuðum svæðum. Eftir því sem frelsið hefir vaxið í heiminum, eftir því hefir reynst erfiðara að koma jafnvél ytri einingu á með valdi; og í löndum, þar sem ríki og kyrkja hafa verið aðskilin, hafa mjög sundurleitar trúarskoðanir og síðir komið í ljós í mismunandi kyrkjustofnunum, sem hver um sig hefir ótrauðt fylgi einhvers hluta fólksins. Þar sem það er áreiðanlegt að menn eru altaf að eignast meira og meira frelsi í hugsunum, orðum og verkum, mætti síðað manufélag gera ráð fyrir að ómögulegt sé að sameina alt trúhneigt fólk með nokkurri kenningu, trúarjátningu, helgisiðaathöfn eða guðsþjónustu aðferð. Alt þetta sundrar en sameinar ekki, hvar sem skynsanlegt frelsi á sér stað. Hin nýja trú heldur fram sem fyrsta grundvelli til sameiningar, í fyrsta lagi, kenningu sinni um